

Dags. 2. september

Mættir: Ása Berglind, Íris, María, Guðmunda, Guðrífður, Hjördís. Hrafnhildur Hlín var búin að tilkynna forföll.

Fulltrúi kennara.

Það vantar fulltrúa kennara í foreldrafélagið. Grunnskólinn skipar í nefndir í næstu viku. Skólastjórnandi upplýsir stjórn um skipanina.

Tenglar.

Það vantar aðila í flestum bekkjum til að sinna hlutverkinu. Miðað er við að það séu tveir tenglar í hverjum bekk. Stjórn biður Ólínu um að senda út póst á foreldra þar sem óskað verður eftir aðilum í hlutverkið og Ása Berglind setur auglýsingu inn á facebook síðu tengla. Gæta þarf að því að allir tenglar séu inni í tenglahóp á facebook. Fer tenglastarf af stað í kjölfarið og mun stjórn halda sérstakan tenglafund. Æskilegt er að tenglar haldi verklagi um að vinna skipulag fyrir veturinn í samvinnu við börnin. Minnt er á að foreldrafélagið styrkir hvern bekk um 10 þúsund krónur á skólaárinu sem hægt er að nýta til að halda viðburði fyrir bekkina. Tenglar eru hvattir til að nýta styrkinn.

Kynning á foreldrarölti

Undirbúa þarf verkefnið og fá hagsmunaðila eins og lögreglu, félagsmálafulltrúa og jafnvel skólastjórnendur að undirbúningi þess. Útbúinn verður kynningarbæklingur um verkefnið og kynningarfundur haldinn þar sem öllum foreldrum er boðið og jafnvel verður farið í að bjóða öðrum í samfélaginu að taka þátt í verkefninu.

Fundargerðir

Bæta þarf aðgengi að fundargerðum félagsins. Ákveðið er að færa þær inn á heimasíðu grunnskólans til að bæta upplýsingaflæði/aðgengi

Þátttaka foreldrafélagsins í viðburðum á árinu

Til eru 460 þúsund í sjóð. Frekari umræður um þetta verður á samráðsfundi með skólastjórnendum.

Næsti fundur verður samráðsfundur með skólastjórnendum

Önnur mál

- Skólareglur og aðkoma foreldra  
Verið er að yfirfara reglur skólans. Skólastjórnandi vill fá helstu hagsmunaaðila að verkefninu þmt foreldra. Lagt er til að tenglar taki umræðu um málefnið á sínum bekkjarsíðum. Ræðum á tenglafundi og fáum foreldra til að koma inn í þá umræðu
- Skipuleggja þarf jólaföndur. María Ósk tekur skipulagið að sér